

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 490/2004

frá 16. mars 2004

um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður  
(*Saccharomyces cerevisiae*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 <sup>(2)</sup>, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema veitt hafi verið leyfi Bandalagsins fyrir því.
- 2) Þegar um er að ræða aukefni sem um getur í II. hluta viðauka C við tilskipun 70/524/EBE og tekur til örvera má veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar hefur verið leyft, að uppfylltum skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun og ef ástæða er til að ætla, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að notkun þess í fóðri hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi til allt að fjögurra ára ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við þá tilskipun.
- 3) Notkun örverublöndu með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 493.94) hefur í fyrsta sinn verið leyfð til bráðabirgða fyrir kálfa með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1436/1998 <sup>(3)</sup>, fyrir eldisnautgripum með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 866/1999 <sup>(4)</sup> og fyrir mjólkurkúr með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 937/2001 <sup>(5)</sup>. Þessum leyfum var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2200/2001 <sup>(6)</sup>.
- 4) Ný gögn voru lögð fram sem rökstuðningur með umsókninni um rýmkun leyfis fyrir þessu aukefni þannig að það taki til hrossa.
- 5) Mat á leyfisumsókn, sem lögð var fram að því er varðar nýja notkun þessa aukefnis, leiðir í ljós að skilyrði fyrir bráðabirgðaleyfi, sem kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.

- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (sérfræðinganefnd um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður) lagði fram jákvætt álit hinn 13. nóvember 2003 um öryggi aukefnisins þegar það er notað fyrir hross við þau notkunarskilyrði sem sett eru fram í þessari reglugerð.
- 7) Því skal leyfa notkun þessa aukefnis fyrir hross til bráðabirgða um fjögurra ára skeið.
- 8) Matið á umsókninni leiðir í ljós að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna sem eru tilgreind í viðaukanum. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(7)</sup> eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 <sup>(8)</sup>.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa til bráðabirgða efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „örverur“ og tilgreind er í viðaukanum, til notkunar sem aukefni í fóðri samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 191, 7.7.1998, bls. 15.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 108, 27.4.1999, bls. 21.<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 130, 12.5.2001, bls. 25.<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 299, 15.11.2001, bls. 1.<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

—

VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Þyrpingafjöldi (CFU)/kg heilfóðurs			
<b>„Örverur</b>								
	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> CBS 493.94	Efnablanda með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki: $1 \times 10^8$ CFU/g aukefnis	Hross	—	$4 \times 10^9$	$2,5 \times 10^{10}$	<p>Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.</p> <p>Magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dag-skammti skal ekki fara yfir <math>4,17 \times 10^{10}</math> CFU á hver 100 kg líkamsþyngdar.</p> <p>Notkun er leyfð þegar tveir mánuðir eru liðnir frá því að vanið er undan og áfram.</p>	17.3.2008 20.3.2008“